

**161. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
23. júní 2020 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Einar Brandsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1910064 - Nýr leikskóli- Skógarhverfi**

Staða undirbúnings fyrir byggingu nýs leikskóla.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Jóni Ólafi Jónssyni arkitekt fyrir góða kynningu.*

*Skipulags- og umhverfisráð mælir með áframhaldandi hönnun á þeim forsendum sem voru kynntar á fundinum. Óskað er eftir drögum að kostnaðarmati á þeim hugmyndum.*

**2. 2006229 - Hjólabærinn Akranes - BS verkefni**

Kynning Ásu Katrínar.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Ásu Katrínu góða kynningu á verkefni sínu Hjólabærinn Akranes. Hugmyndir úr því mun án efa nýtast Akraneskaupstað við frekari útfærslu hjóla- og göngustíga í bæjarfélaginu.*

**3. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Sindri Birgisson, umhverfisstjóri, situr fundinn undir þessum lið. Farið er yfir stöðu Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar bæjarráði, velferðar- og mannréttindaráði, skóla- og frístundaráði, öldungaráði, ungmennaráði og starfshóp um heilsuefandi samfélag veitta umsögn við Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Sindra Birgissyni, umhverfisstjóra, að vinna málið áfram.*

**4. 2006227 - Endurhönnun grunnskólalóða.**

Kynning á endurhönnun Brekkubæjarskólalóðar og svæðis umhverfis íþróttahúss á Vesturgötu.

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri fór yfir stöðu hönnunar á endurhönnun grunnskólalóða á Akranesi. Fyrir liggur tillaga að 1. áfanga framkvæmda á Brekkubæjarskólalóð sem felast m.a. í körfuboltavöllum og nýjum leiksvæðum.*

**5. 1903467 - Langisandur, Guðlaug, Sólmundarhöfði - Útivistarsvæði, hönnun, skipulag og framkvæmdir**

Tillaga um framkvæmd að hugmyndasamkeppni vegna Langsands, Guðlaugar og Sólmundarhöfða.

*Helena Guttormsdóttir og Sindri Birgisson umhverfisstjóri kynntu hugmyndir um forval vegna hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Langsandssvæðis.*

**6. 2001272 - Deiliskipulag Stofnanareits - Stillholt 9**

Greinargerð vegna athugasemd sem bárust við breytingu á deiliskipulaginu, lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir meðfylgjandi greinargerð sem inniheldur svör við þær athugasemdir sem bárust við grenndarkynninguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**7. 2006228 - Jaðarsbakkar - hönnun**

Farið yfir verkefnið.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri og Ívar Pálsson lögmaður fór yfir hönnunarmál er varðar uppbyggingu 1. áfanga við Jaðarsbakka.

**8. 1903009 - Flóahverfi - framkvæmdir**

Tilboð í gatnahönnun.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Skóflan hf. kr. 72.912.000

Jarðbrú ehf. kr. 89.632.900

Próttur ehf. kr. 59.349.050

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf. kr. 69.997.115

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 64.561.600

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að samið skuli við lægstbjóðanda. Veitur eru aðilar verks og hafa samþykkt sinn hluta fyrir sitt leyti.

**9. 1910179 - Fjöliðjan**

Starfshópur um Fjöliðjuna hefur lokið störfum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði sameiginlegur fundur með velferðar- og mannréttindaráði, þar sem farið yrði yfir tillögur vinnuhóps.

**10. 1907028 - Fimleikahús - búnaður**

Erindi frá Fimleikafélagi Akraness.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið um kaup á hluta af lausum fimleikabúnaði og felur Karli J Haagensen verkefnisstjóra að taka upp viðræður við Fimleikafélagið varðandi málið.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:50.**

Ragnar Samundsson  
 Finnr Brandsson  
 Guðrún Ólafsdóttir  
 Sig. P. H.  
 Stek þar Steindor  
 Haldis Sigurpársdóttir rit.